


Aðalsteinn Jóhannsson frá Skjaldfönn

Fæddur 16. maí 1909, dáinn 1. desember 1993.



Ritstjóri Jökuls kom fyrir nokkru að máli við undirritaðan og bað hann að minnast með fáeinum orðum Aðalsteins bónda á Skjaldfönn við Djúp. Þegar ég fór að íhuga málið nánar, fannst mér ég illa ráða við þetta hlutverk. Lét þó til leiðast í samráði við börn Aðalsteins.

Segja má með nokkrum rétti að við Aðalsteinn höfum lengst ævi verið nágrannar – aðeins Drangajökull á milli okkar. Við mér blasti jökullinn af bæjarhlaði hvern bjartan dag. Heiman frá Skjaldfönn er hann ekki jafn áberandi fyrir sjónum manna, en minnir þeim mun betur á sig þegar norðaustan strokan stendur af honum niður dalinn. Við Aðalsteinn vorum á líkum aldri með svipaða aðstöðu í tilverunni. Báðir bjuggum við á afskekktum og harðbýlum jörðum þar sem sveitungum og nágrönnum fór sífækkandi eftir því sem á öldina leið.

Við Aðalsteinn mældum báðir breytingar á skriðjökulum Drangajökuls, ég í Reykjarfirði en hann í Kaldalóni. Það mun hafa verið árið 1933, að Jón Eyþórsson fékk Aðalstein til liðs við sig að annast

mælingar á Kaldalónsskriðjöklinum. Þá náði brún hans, víða veggbrött og margra mannhæða há, heim undir Einangursá að norðan og Votubjargargil að sunnan. Í samfelld 49 haust sinnti Aðalsteinn þessum mælingum og þótti miður að heilsan skyldi ekki leyfa sér að sinna jöklamælingastarfinu í fulla hálfu öld. Á þessari hartnær hálfu öld, sem Aðalsteinn fylgdist með skriðjöklinum mun hop hans hafa numið hátt á þriðja kílómetra og samfara hopinu varð gífurleg þynning á jöklinum. Það nýja land, sem í ljós kom undan jöklinum klæddi Aðalsteinn örnefnabúning við hæfi, og eru örnefni hans s.s. Úlfur, Kverk, Gnúi, Fosshamrar og Slædufoss góð viðbót við þau sem fyrir voru í Lóninu.

Á Skjaldfönn hafa ættfeður Aðalsteins búið síðan fyrir 1840. Ég kom þangað fyrst árið 1959 – það var um sumar, líklega í byrjun júlímánaðar. Hafði ég þá brugðið mér til næsta bæjar – þvert yfir Drangajökul, frá Reykjarfirði á Ströndum að Skjaldfönn. Þetta skeði um nótt í björtu og góðu veðri. Eftir 6–7 stunda göngu barði ég dyra að Skjaldfönn. Aðalsteinn vinur

minn kom fljótlega og fagnaði mér af mikilli alúð og bauð mér í bæinn. Þar var konan hans blessuð, Hólmfríður Indriðadóttir, frá Ytra Fjalli í Aðaldal, og fór strax að huga að matargerð handa mér. Við Hólmfríður höfðum ekki hittst áður en vissum þó deili hvort á öðru. Við Aðalsteinn höfðum hittst á Ísafirði nokkrum sinnum að haustlagi í sláturtíðinni og líka átt nokkur viðskipti saman. Hann hafði skrifað mér falleg og vönduð sendibréf og pantað hjá mér rekaviðarstaura í túngirðingar o.fl. Það gerði hann með góðum fyrirvara eins og forfeður hans höfðu áður gert þegar rekaviður af Ströndum var dreginn á hestum yfir jökulinn suður og vestur að Djúpi. Nú voru tímar breyttir á því sviði, en hann mundi þó eftir viðarferðunum sem unglíngur, og kunni að segja frá þeim. Í ársriti Sögufélags Ísfirðinga 1986 (bls. 124) er birt frásögn, undir fyrirsögninni „Viðarferðir“, sem skræð er eftir Aðalsteini.

Í annað skipti kom ég að Skjaldfönn haustið 1977 og vann hjá Aðalsteini fáeina daga. Kynntist ég þá heimilinu og fólkinu þar nokkru nánar, og bréfaskriftir á milli okkar jukust. Þrettánda mars 1978 skrifar Aðalsteinn mér yndislegt bréf og ræðir m.a. um veðurfarið. Þar segir: „Svell komu í nóvember og des. þunn himna yfir. Bætti svo ofaná svo hvergi sá stein uppúr alla leið uppá brúnir. Á föstudag og laugardag var þíða og leysti smávegis. Í gærdag hvessti og kólnaði, frost komið í 8 gráður í gærkvöldi og hríðarkóf. Nú er ég orðinn hræddur um kal í túninu undir þessum samfelldu svellum, sem búin eru að vera lengi. Gróður gömlu túnanna gat staðist svell í allt að þrem mánuðum, en þessar sáðgresissléttur með útlendu grasi þola miklu minna og er þá helst vallarfoxgrasið, sem þolir eitthvað, hitt fer allt á öðru ári“.

– Síðar segir: „Þessi vetur verður líklega einn sá gjafafrekasti sem ég man. Nú eru komnir 93 dagar, sem ekki hefur verið dregið eitt einasta strá af kind vegna algjörar jarðleysis. Að vísu hefur sauðfé verið hleypt út þegar gott veður leyfði til að viðra sig, og til að fá gott loft í húsin, sem er mjög nauðsynlegt.“ Áður en lengra er haldið vitna ég í bréf, sem Aðalsteinn skrifar mér 22. apríl 1980. „Héðan er allt gott að fréttu. Tíðin hefur verið mjög góð. Selá orðin auð. Það þótti áður ekki góðs viti. Var þá talið víst að hana legði aftur fyrir fardaga“. Ég tek mér það bessaleyfi

að vitna í blaðagrein – Morgunblaðið 11. des 1993. „Aðalsteinn var náttúrufræðingur af guðs náð og má segja að þar hafi hugur hans löngum dvalið. Hann annaðist um margra ára bil jöklamælingar í Kaldalóni og Skjaldfannardal. Hann færði allt markvert í dagbækur hjá sér að kvöldi hvers dags.“ Veit ég að í þeim bókum er margan fróðleik að finna.

Skólaganga Aðalsteins var ekki löng, 2–3 mánuðir í farskóla á vetri fram til 14 ára aldurs. En Nauteyrarhreppur var mikið menningarhérað og nokkur þekkt býli og bændur voru þar nafngreindir, sem notið höfðu viðurkenningar og verðlauna fyrir sérstakt framtak í jarðarbótum og túnrækt s.s. Laugabólsmenn og Jón H. Fjalldal á Melgraseyri. Síðar bættist svo Aðalsteinn á Skjaldfönn í hópinn fyrir ræktun sauðfjár og snyrtimennsku í búskap. Og menningarstraumar bárust um hreppinn á uppvaxtarárum Aðalsteins frá Höllu Eyjólfsdóttur skáldkonu á Laugabóli og Sigvalda Kaldalóns lækni og tónskáldi á Ármúla, en Ármúli var næsti bær við Skjaldfönn sömu megin jökulfljótsins Selár, sem oft var hinn verstí farartálmi og ekki var brúuð fyrr en árið 1952.

Aðalsteinn á Skjaldfönn var þrekmenni enda ekki öðrum hent að glíma við náttúruöflin undir rötum Drangajökuls langa ævi. Hann var einarður, mikill á velli, lá hátt rómur og skar sig úr fjöldanum. Þegar ég sé bak þessum góða vini og lít til baka, finnst mér að líkja mætti honum við skriðjökul, sem nær framrás úr meginísnum, fyrst þróttmikill og útþenslugjarn, síðan kyrrstæðari og hopar að lokum til upprunans.

Lái mér hver sem vill, gömlum manni, þó mér komi að lokum í hug vísa Hjálmars frá Bólu:

Mínir vinir fara fjöld
feigðin þessa heimtar köld
ég kem eftir, kannske í kvöld
með klofinn hjálm og rofinn skjöld,
brynju slitna, sundrað sverð og syndagjöld.

Bolungarvík 4/12 1994

Guðfinnur Jakobsson frá Reykjarfirði.